

Námsvísir 2022-2023

7. bekkur

Námshættir: Íþróttir

Kennari/kennarar: Ragnar Ingi



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur:

- þekki öryggis- og umgengnisreglur í íþróttahúsi og hafi jákvæðni og kurteisi að leiðarljósi í samskiptum.
- þekkja mikilvægi hollrar hreyfingar, mataræðis, hvíldar og hreinlætis.
- þekki helstu hugtök sem notuð eru í kennslu, geti brugðist við fyrirætlunum kennara og tileinki sér góða vinnusemi.
- gangi vel um áhöld og eigur í íþróttahúsi.
- geti gert æfingar sem reyna á loftháð þol.
- geti gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika.
- geti gert æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- geti sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennslan fer fram m.a. í formi stöðvaþjálfunar, hreyfistöðva, þrautabrauta, hlaupaleikja, boltaleikja, íþróttagreina og hreyfitjáningar. Farið er eftir hæfniviðmiðum í skólaíþróttum í Aðalnámsskrá grunnskóla 2013.

Námsmat

Við gerð námsmats er tekið mið af hreyfifærni, vinnu/virkni og hegðun nemenda. Nemendur fá bókstaf í lokamati.

Námshættir

Nýtt eru öll þau áhöld/tæki (inni og úti) sem eru til í íþróttahúsi.